

á kaupgreiðslum, tímakaupi og mánaðarkaupi og verður ekki annað séð, en að ákvæði hans um dagvinnu, eftirvinnu, matar- og kaffitíma eigi almennt við um hvortveggja kaupgreiðslurnar. Þá er ákvæði áðurnefndrar 10. gr. um skyldu fastra starfsmanna til þess að vinna í vöktum, en þeir eru ráðnir með mánaðarkaupi. Í þessari grein segir aðeins, að þeir skuli skila 45 klst. á viku fyrir mánaðarkaupið, en að öðru leyti eru þar engin sérákvæði um greiðslu fyrir eftirvinnu, né um matar- eða kaffitíma. Telja verður, að tilhögun vaktavinnunnar sé að vísu með þeim hætti, að ekki hefði verið óeðlilegt, að um hana giltu aðrar kaffi- og matartímareglur en um venjulega daglaunavinnu. En með því að nefnd grein hefur engin sérákvæði um þetta og þannig frá samningnum gengið, að sama máli getur yfirleitt gegnt, að þessu leyti, um daglaunamenn og mánaðarkaupsmenn, þá hefði, að áliti dómsins, þurft að taka það sérstaklega fram, ef ákvæði 3. gr. um matar- og kaffitíma áttu ekki að gilda um vaktavinnuna. Með því að þetta hefur ekki verið gert, er ekki hægt að fallast á kröfur stefnanda í málinu. og ber því að taka til greina sýknukröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Síldarverksmiðja ríkisins, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 29. október 1943.

Nr. 19/1943. Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík (Ragnar Ólafsson hrl.)  
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendafélagi

Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda með stefnu, dags. 13. sept. s.l. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að 4. gr. sammings, dags. 30. júlí þ. á., milli Iðju, félags verksmiðjufólks og Félags íslenzkra iðnrekenda beri að skilja þannig, að í 7 klst. vinnutímabili, er hefst kl. 17 eða síðar, sé faldir 2 stundarfjórðungar til kaffidrykkju með fullu kaupi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Þann 30. júlí s. l. var gerður kjarasamningur milli Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda. Er 3. gr. sammings þessa svo hljóðandi:

„Vinnutími skal vera á tímabilinu frá kl. 8 til kl. 18. Af þeim tíma sé ætluð 1 klukkustund til matar og 2 stundarfjórðungar til kaffidrykkju, þó þannig, að vinnutími hvers manns sé að meðaltali 8 klukkustundir á dag eða 48 klukkustundir á viku, og felast í þeim vinnutíma 2 stundarfjórðungar daglega til kaffidrykkju.“

4. gr. sama sammings hljóðar svo:

„Vinnuveitanda er heimilt að hafa fleiri vinnutímabil á sólarhring hverjum, ef nauðsyn krefur, og má þá vinnutími byrja og enda á öðrum tímum en tekið er fram í 3. gr. Þó skal vinnutímabil, sem hefst kl. 17 eða síðar, aðeins vera 7 virkar klst. með óbreyttu kaupi, enda gangi vaktir til vikulega.“

Málsaðiljar deila um það, hvort 2 stundarfjórðungar til kaffidrykkju með fullu kaupi, séu innifaldir í 7 klst. vinnutímabili því, er í ofangreindri 4. gr. sammingsins getur, og hefst kl. 17 eða síðar. Heldur stefnandi því fram, að eins og samið hafi verið um hálf tíma til kaffidrykkju í vinnutíma samkvæmt 3. gr. sammingsins og virkar vinnustundir þannig 7½ stund, í stað átta eftir eldri samningi málsaðilja, þá eigi hálf stund til kaffidrykkju einnig að vera innifalín í þeim vinnutímabili um 4. gr., sem hefjast kl. 17 eða síðar, þótt það sé ekki tekið fram.

Stefndi telur hins vegar, að krafa stefnanda brjóti í bág við ótvírætt orðalag 4. gr. sammingsins, en það sé óbreytt frá eldri samningi. Kveður hann skilning stefnanda gagnstæðan eldri framkvæmd þessa atriðis og hefði því þurft að koma skýrt fram, ef tilætlunin hefði verið að hér skyldi breyting á verða. Þetta hafi ekki verið gert, heldur standi beinlínis í 4. gr. að

vinnutímabilið skuli vera 7 virkar stundir, þ. e. raunverulega unnar stundir.

Það þykir mega fallast á rökstuðning stefnda fyrir því, að umdeilt ákvæði 4. gr. verði ekki skýrt á þann veg, er stefnandi vill, því það er beinlínis tekið fram í greininni, að vinnutímabilið skuli vera 7 virkar klst. Og með því að dómkröfum stefnanda verður ekki fundin stoð í öðrum ákvæðum sammingsins verða þær ekki teknar til greina, og ber því að sýkna stefnda, svo sem hann hefur gert kröfur til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 18. desember 1943.

Nr. 20/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Svalbarðsstrandar** (Ragnar Ólafsson hrl.)  
 gegn  
**atvinnumálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
 (Einar B. Guðmundsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útg. 25. okt. s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Svalbarðsstrandar gegn atvinnumálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Eru dómkröfur stefnanda þær, að viðurkennt verði, að borið hafi samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, staðfestu í bréfi vegamálastjóra 2. maí þ. á., að greiða kr. 2.10 á klst. í dagvinnu á starfssvæði Verklýðsfélags Sval-